

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um launuð námsleyfi.

Á borgarráðsfundi þann 15. ágúst 2019 lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokks fram svohljóðandi fyrirspurn um launuð námsleyfi:

Hversu margir starfsmenn borgarinnar hafa fengið launað námsleyfi í ljósi umræðunnar um Seðlabanka Íslands? Hvað hafa þessi launuðu námsleyfi kostað? Óskað er eftir sundurliðun eftir stöðuheitum sem starfsfólkið gegnir og hvaða skilyrði starfsmenn þurfa að uppfylla svo þeim sé veitt slíkt leyfi. Tekið skal fram að hér er ekki átt við skýrt afmarkað námleyfi líkt kveðið er á um í kjarasamningum kennara.

Svar:

Við vinnslu þessarar fyrirspurnar var miðað við að launað námsleyfi væri lengra en sem nemur 5 dögum á ári frá vinnu. Alls hafa 166 starfsmenn farið í launað námsleyfi á árunum 2017, 2018 og 2019. Áætlaður launakostnaður við þessi námsleyfi er um 111,3 milljónir króna. Í töflunni hér að neðan má sjá starfsheiti þeirra sem fóru í launað námsleyfi.

Starfsheiti	Fjöldi
Bókari	2
Deildarstjóri	5
Félagliði	2
Félagsráðgjafi	2
Forstöðumaður	4
Laugarvörður	1
Lögfræðingur	3
Ráðgjafi	1
Sérfræðingur	3
Skrifstofustjóri	1
Stuðningsfulltrúi	1
Teymisstjóri	3
Verkefnastjóri	4
Starfsmaður í leikskóla/frístundastarfi	134*

*Frá árinu 2015 hefur skóla- og frístundasvið boðið starfsfólki í leikskólum og í frístundastarfi upp á námsleyfi. Markmiðið er að fjölga starfsfólki í leikskólum Reykjavíkur með leikskólakennaramenntun/leyfisbréf og veita starfsfólki tækifæri til starfsþróunar. Fyrirkomulagið er með þeim hætti að í raun er um sveigjanleika að ræða þar sem starfsmaður sem fær úthlutað leyfi getur stundað nám sitt í allt að 35 daga á skólaári en haldið óskertum launum á meðan. Leyfið tekur mið af starfshlutfalli og fjölda námseininga og skerðist ef viðkomandi er ekki í fullu starfi eða fullu námi. Starfsstaðurinn fær úthlutað fjármagni til að greiða fyrir afleysingu til að starfsmaðurinn geti stundað námið.

Allir starfsmenn Reykjavíkurborgar eiga kost á því að sækja um launuð námsleyfi, í því skyni að afla sér viðbótarþekkingar sem nýtist í starfi, t.d. með því að fara í lengra eða styttra starfstengt nám. Í kjarasamningum eru heimildarákvæði um launuð námsleyfi, sem eru leiðbeinandi til að taka ákvarðanir m.a. um lengd námsleyfa. Fjármagn það sem hvert svið hefur árlega til ráðstöfunar í þessu skyni er hins vegar takmarkað. Við veitingu námsleyfa eða sveigjanleika í starfi vegna náms er horft til viðmiða s.s. starfsreynslu, starfshlutfalls og ráðningarforms, frammistöðu og árangurs í starfi svo eitthvað sé nefnt. Lögð er áhersla á að gæta jafnræðis við mat umsókna. Áréttað er að námsleyfi og viðmið um sveigjanleika í starfi vegna náms eru heimildarákvæði og skal veiting leyfis og sveigjanleika taka mið af ákvæðum kjarasamnings og fjárhagsramma sviðs/vinnustaðar hverju sinni.

Lóa Birna Birgisdóttir,

sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs